

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Nýtt deiliskipulag – Tumabrekka, land 2, landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 49. fundi sínum 19. maí 2026, deiliskipulagstillögu fyrir Tumabrekku, land 2, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsupprátturinn sýnir lóðamörk, aðkomu og bílastæði og byggingarreiti innan skipulagssvæðisins, ásamt helstu byggingarskilmálum. Í skipulaginu er fjallað um landnotkun á Tumabrekku, landi 2, og framtíðar uppbyggingaráform. Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Tumabrekku, lands 2, L220570, eins og þau eru skv. þinglýstu skjali nr. 273/2012 og afstöðuupprætti nr. S01 í verki nr. 7586, dags. 22. september 2011.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag – Skógargötureitur, Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 49. fundi sínum 19. maí 2026, tillögu að deiliskipulagi fyrir Skógargötureit á Sauðárkróki, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsuppráttur sýnir lóðamörk, byggingarreiti, aðkomu að lóðum og helstu skipulags- og byggingarskilmála. Markmið deiliskipulagsins eru að rétta afmarkanir lóða miðað við raunverulega notkun og það verklag sem viðgengst í dag, fjalla um öryggi íbúa í tengslum við bílastæði og neyðarakstur og setja stefnumið til að koma öryggisatriðum í viðunandi horf, skilgreina gönguleiðir innan skipulagssvæðisins og setja byggingarskilmála í samræmi við nútíma kröfur með hliðsjón af lögum um menningarminjar. Skipulagssvæðið afmarkast af Skógargötu að vestan, Kambastíg að norðan, Aðalgötu að austan og göngustíg að sunnan. Unnin var deiliskipulagsbreyting á gildandi deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki samhliða vinnslu á nýju deiliskipulagi og við gildistöku nýs deiliskipulags fellur sá hluti úr gildi fyrir svæðið.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Gamli bærinn á Sauðárkróki, Skógargötureitur.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 49. fundi sínum 19. maí 2026, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki, vegna Skógargötureits, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Í breytingunni er felld út úr skipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki það svæði sem skipulagt er í deiliskipulagi Skógargötureitsins.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi – Gamli bærinn á Sauðárkróki, Freyjugata 7 og 9.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 49. fundi sínum 19. maí 2026, breytingu á deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki vegna Freyjugötu 7 og 9, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin miðast við að byggja upp einbýlis – og raðhús með samtals 7 íbúðum sem falla að núverandi byggð við Freyjugötuna með íbúðarhúsum á einni hæð og risi við Freyjugötuna og á einni hæð á norðaustur horninu og styrkja þannig þennan hluta miðbæjarins í þeim anda sem er í eldri hluta byggðarinnar á Sauðárkróki. Deiliskipulagsmörkin miðast við Freyjugötu 7 og 9 og er skipulagssvæðið samtals um 6.600 m² að stærð, innan landnotkunarreits M-401 skv. gildandi aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040. Með uppbyggingu á

svæðinu er stefnt að því að loka götumyndinni meðfram austurhlíð Freyjugötunnar með samfelldri byggð en einnig að breyta fjölbýlishúsi á norðurhluta lóðar nr. 9 í þriggja íbúða raðhús.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 18. júní 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 19. júní 2026